

## Til borgarráðs

### Efni: Viðauki við fjárhagsáætlun 2014

#### 1. Viðauki vegna fjöldi barna í borgarreknum grunnskólum

Lagt er til að fjárheimildir Skóla- og frístundasviðs (SFS) verði hækkaðar um 45.900 þkr vegna fjölgunar barna í borgarreknum grunnskólum umfram forsendur fjárhagsáætlunar. Fjöldi barna var 13.564 á vorönn og er 13.612 á haustönn. Meðalfjöldi barna er því 13.584 á árinu en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að barnafjöldi væri 13.494 á árinu. Fjölgunin er 90 börn að meðaltali á árinu og nemur áætlaður breytilegur kostnaður sviðsins 510 þús. pr. barn. Breytingin verði fjármögnuð af liðnum ófyrirséð, kostnaðarstað 09205 og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun 2014:

Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)	
09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-45.900
M2202	Skóla- og frístundasvið (SFS)	Til	45.900
Samtals			0

#### 2. Viðauki vegna fjöldi barna í sjálfstætt starfandi grunnskólum

Lagt er til að fjárheimildir Skóla- og frístundasviðs (SFS) verði hækkaðar um 42.721 þkr vegna fjölgunar barna í sjálfstætt starfandi grunnskólum umfram forsendur fjárhagsáætlunar og hækunar á greiðsluviðmiði Hagstofu Íslands. Meðalfjöldi barna er 632 á árinu en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að barnafjöldi væri 610 að meðaltali. Fjölgunin er 22 börn að meðaltali á árinu og nemur áætlaður breytilegur kostnaður sviðsins 1.136 þús. pr. barn á aldrinum 6-16 ára, en 899 þkr fyrir 5 ára barn. Útgjaldaauki vegna fjölgunar barna nemur 21.588 þkr. en útgjaldaauki vegna hækunar á greiðsluviðmiði nemur 21.133 þkr. Breytingin verði fjármögnuð af liðnum ófyrirséð, kostnaðarstað 09205 og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun 2014:

Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)	
09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-42.721
xxxx	Skóla- og frístundasvið (SFS)	Til	42.721
Samtals			0

#### 3. Viðauki vegna fjölda barna í sérskólum

Lagt er til að fjárheimildir Skóla- og frístundasviðs (SFS) verði hækkaðar um 65.835 þkr vegna fjölgunar barna í sérskólum umfram forsendur fjárhagsáætlunar. Fjöldi barna hefur verið að meðaltali 149 á árinu en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að barnafjöldi væri 130 á

árinu. Fjölgunin er 19 börn að meðaltali á árinu og nemur áætlaður breytilegur kostnaður sviðsins 3.465 þús. pr. barn. Breytingin verði fjármögnuð af liðnum ófyrirséð, kostnaðarstað 09205 og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun 2014:

<b>Kostn.st.</b>		<b>Fjárhæð (þkr.)</b>	
09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-65.835
M2202	Skóla- og frístundasvið (SFS)	Til	65.835
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

#### 4. Viðauki vegna fjölda barna í borgarreignum leikskólum

Lagt er til að fjárheimildir Skóla- og frístundasviðs (SFS) verði lækkaðar um 45.496 þkr vegna fækkunar barna í borgarreignum leikskólum umfram forsendur fjárhagsáætlunar. Fjöldi barna (pláss) var 6.136 á vorönn og er 6.073 á haustönn. Meðalfjöldi barna er því að meðaltali 26 færri á árinu en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir eða 6.110. Breytilegur kostnaður sviðsins pr. barn er metinn 1.733 þús. pr. barn. Lækkuninni verði ráðstafað á liðnum ófyrirséð, kostnaðarstað 09205 og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun 2014:

<b>Kostn.st.</b>		<b>Fjárhæð (þkr.)</b>	
09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	45.496
Xxxx	Skóla- og frístundasvið (SFS)	Til	-45.496
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

#### 5. Viðauki vegna kostnaðaráhrifa kjarasamninga á sjálfstætt starfandi leikskóla

Lagt er til að fjárheimildir Skóla- og frístundasviðs (SFS) verði hækkaðar um 28.462 þkr vegna kostnaðaráhrifa á sjálfstætt starfandi leikskóla sem rekja má til nýrra kjarasamninga við stéttarfélag starfsmanna borgarrekinnna leikskóla. Samningar Reykjavíkurborgar við sjálfstætt starfandi leikskóla gera ráð fyrir að greiðslur til þeirra taki mið af útgjöldum borgarrekinnna leikskóla. Breytingin verði fjármögnuð af liðnum ófyrirséð, kostnaðarstað 09205 og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun 2014:

<b>Kostn.st.</b>		<b>Fjárhæð (þkr.)</b>	
09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-28.462
xxxx	Skóla- og frístundasvið (SFS)	Til	28.462
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

#### 6. Viðauki vegna tímabundinnar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga

Lagt er til að fjárheimildir Skóla- og frístundasviðs (SFS) verði hækkaðar um 8.100 þkr vegna hækkunar á tímabundnum útgjöldum Reykjavíkurborgar vegna samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá árinu 2011 um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til náms. Um er að ræða útgjöld vegna Námsgagnasjóðs/sérstakra fræðsluverkefna, Tölvumiðstöðvar fatlaðra og Endurmenntunarsjóðs grunnskóla. Forsendur fjárhagsáætlunar gerðu ráð fyrir að útgjöld yrðu 31.900 þkr, en verða um 40.000 þkr á árinu skv. gögnum frá Jöfnunarsjóð. Breytingin verði fjármögnuð af liðnum ófyrirséð, kostnaðarstað 09205 og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun 2014:

<b>Kostn.st.</b>		<b>Fjárhæð (þkr.)</b>	
09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-8.100
xxxx	Skóla- og frístundasvið (SFS)	Til	8.100
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

## 7. Viðauki vegna tónlistarskólanna

Lagt er til að fjárheimildir Skóla- og frístundasviðs (SFS) verði hækkaðar um 104.985 þkr vegna framlaga Jöfnunarsjóðs til tónlistarskólanna sem greidd eru til þeirra með tilfærslum af hálfu Reykjavíkurborgar. Áætlun sviðsins gerði aðeins ráð fyrir útgjöldum mánuðina janúar til ágúst í samræmi við upprunalega áætlun Jöfnunarsjóðs þar sem samkomulag ríkis og sveitarfélaga til eflingar tónlistarnáms og jöfnunar á aðstöðumun nemenda hafði ekki verið fjármagnað til lengri tíma. Fjárhæð tillögunnar tekur mið af útgjöldum tímabilsins september til desember, auk útgjalda vegna langtímaveikindakrafna sem Jöfnunarsjóður hefur þegar greitt borginni. Breytingin verði fjármögnuð af liðnum ófyrirséð, kostnaðarstað 09205 og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun 2014:

<b>Kostn.st.</b>		<b>Fjárhæð (þkr.)</b>	
09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-104.985
M3110	Skóla- og frístundasvið (SFS)	Til	104.985
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

## 8. Viðauki vegna þátttöku Reykjavíkurborgar í viðgerð á þaki Landnámsskálans

Lagt er til að fluttar verði fjárheimildir að fjárhæð 5.093 þkr frá Menningar- og ferðamálasviði til Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar í Eignasjóði vegna greiðslu Reykjavíkurborgar á 35% hlut í viðgerð á þaki Landnámsskálans. Í samþykktum viðauka við fjárhagsáætlun dags. 1. júlí 2014 var ráðstafað sömu fjárhæð til Menningar- og ferðamálasviðs vegna málsins, en talið er eðlilegra að kostnaðurinn færist hjá Eignasjóði, þ.e. rekstur framleigugeigna. Um er að ræða tilfærslu sem hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun 2014:

<b>Kostn.st.</b>		<b>Fjárhæð (þkr.)</b>	
03710	Menningar- og ferðamálasvið (MOF)	Frá	-5.093
1518	Skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar (SEA)	Til	5.093
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

## 9. Viðauki vegna breytinga á borgarstjórn í kjölfar borgarstjórnarkosninga

Lagt er til að fjárheimildir á Skrifstofu borgarstjórnar (SBS) verði hækkaðar um 5.200 þkr vegna kostnaðarauka í kjölfar borgarstjórnarkosninga, sem skýrist einkum af fjölgun varamanna og biðlaunum fyrri borgarfulltrúa. Breytingin verði fjármögnuð af liðnum ófyrirséð, kostnaðarstað 09205 og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun 2014:

<b>Kostn.st.</b>		<b>Fjárhæð (þkr.)</b>	
09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-5.200
01001	Skrifstofa borgarstjórnar (SBS)	Til	5.200
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

## 10. Viðauki vegna stjórnkerfis- og lýðræðisráðs

Lagt er til að fjárheimildir á Skrifstofu borgarstjóra og borgarritara (SBB) verði hækkaðar um 9.500 þkr vegna kostnaðar við nýtt Stjórnkerfis- og Lýðræðisráð sem stofnað var af nýjum meirihluta borgarstjórnar í júní sl. Breytingin verði fjármögnuð af liðnum ófyrirséð, kostnaðarstað 09205 og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun 2014:

<b>Kostn.st.</b>			<b>Fjárhæð (þkr.)</b>
09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-9.500
01295	Skrifstofa borgarstj. og borgarritara (SBB)	Til	9.500
		<b>Samtals</b>	<b>0</b>

## 11. Viðauki vegna bogfimivallar og áhaldahúss ÍFR

Lagt er til að fjárheimildir Íþróttta- og tómstundasviðs (ÍTR) verði hækkaðar um 37.000 þkr vegna framkvæmda við bogfimivöll og áhaldahús fyrir Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík (ÍFR). Framkvæmdirnar voru eignfærðar hjá Eignasjóði árið 2013. Ákveðið hefur verið að bakfæra þá eignfærslu og verður framkvæmdin gjaldfærð sem byggingastyrkur við uppgjör ársins 2014. Breytingin verði fjármögnuð af liðnum ófyrirséð, kostnaðarstað 09205 og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun 2014:

<b>Kostn.st.</b>			<b>Fjárhæð (þkr.)</b>
09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-37.000
I9300	Íþróttta- og tómstundasvið (ÍTR)	Til	37.000
		<b>Samtals</b>	<b>0</b>

## 12. Útfærsla viðauka á kostnaðarstaði

Lagt er til að fjármálastjóra verði falið að útfæra breytingar skv. lið 2, 4, 5 og 6 á kostnaðarstaði í samvinnu við viðkomandi fagsvið og stofnanir eftir því sem við á.

Dagur B. Eggertsson